
Tíminn

Sunnudagur 7. október 1973.


HEKLU PEYSUR

coop
MERKIÐ, SEM GLEÐUR
Hittumst í kaupfélaginu

GÓÐI
fyrir góðan mat
KJÖTIÐNAÐARSTÖÐ SAMBANDSINS



Sjálfsmynd frá 1970.



Hér sjáum við listamanninn, Sverri Haraldsson. Afsaka verður, að myndirnar sjást ekki sem skyldi, en málverkasýning verður ekki skoðuð af blöðum. (Myndir: Gunnar)

MYNDIR 1942 — 73

Yfirlitssýning Sverris að Kjarvalsstöðum

— Vona að ég máli ekki eins vondar myndir eftir þessa sýningu, segir listamaðurinn, sem varð dolfallinn yfir mótífum Þingvalla í sumar

Laugardaginn 6. október var opnuð að Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á verkum Sverris Haraldssonar listmálara. Sverrir byrjaði fyrst að mála 12 ára gamall, árið 1942, og á sýningu þessari er leitast við að sýna úrval þeirra mynda, sem listamaðurinn hefur gert þessi 30 ár síðan. Sýningin er nefnd Myndir 1942-'73 og eru á henni alls 233 málverk, þar af aðeins 10 til sölu. Hin eru nær öll í einkaeign (fáeinar myndir tilheyra söfnum).

Sýningunni er skipt í tvennt. Í öðrum salnum í myndlistarhúsinu, þ.e. Kjarvalssal, eru myndir frá 1942 fram til 1966. Í hinum salnum eru myndir frá 1966 fram til þessa dags, þar af allstór hluti, sem aldrei hefur komið fyrir sjónir almennings áður.

Á síðustu sex árum hefur Sverrir haldið tvær sjálfstæðar sýningar í Casa Nova árið 1966 og 1969, og auk þess tók hann þátt í samnorrænni sýningu að Kjarvalsstöðum í fyrra.

Undirbúningur þessarar miklu sýningar, sem opin verður fram til 28. þ.m. hefur staðið yfir í tæpt ár. Auk listamannsins sjálfs hafa einkum þeir Garðar Gíslason og Knútur Bruun unnið að undirbúningi hennar, en einnig ýmsir vinir listamannsins og starfsfólks Kjarvalsstaða.


Eins og fyrr sagði eru nær allar myndirnar í einkaeign, og fólst því hvað mest vinna í því að hafa samband við hina fjölmörgu eigendur. Safnað hafði verið saman um 300 myndum fyrir sýninguna, en sökum ónógs rúms komust ekki „nema" 233 myndir upp.

Aðspurður um áætlaðan heildarfjölda mynda þeirra, sem hann hefur gert um ævina, kvaðst Sverrir álíta, að það væru að líkindum minnst helmingi fleiri myndir en þetta. Við spurðum hann, hvort hann væri ánægður með það úrval, sem þarna væri komið saman. Sverrir kvaðst vera allánægður með það, en þó kvaðst hann muna eftir ýmsum myndum, sem hann hefði viljað, að þarna kæmu fram, en ekki tókst að hafa upp á.


Misjafnlega vond

— Hvað gekk þér helzt til með þessari viðamiklu sýningu, Sverrir?


Framhald á bls. 15.



Herjólfsdalur, blýantsteikning, er Sverrir gerði 12 ára gamall heima í Eyjum.



Hún nýtur sín ekki í svarthvítu þessi.



„Skammakrókurinn", — sjá grein.



Sverrir segist ekki hafa mikla æfingu í hestamyndum. En hvað finnst ykkur um árangurinn.